

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/807
komudagur 8.12.2010

Reykjavík, 8. desember 2010

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 22. nóvember 2010 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál.

Almenn umsögn

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hefur farið yfir frumvarpsdrögin og fagnar því að komið hefur verið til móts við athugasemdir félagsins að hluta. Viðkomandi sveitastjórn hefur nú umsagnarrétt um úthlutun ræktunarsvæða sem ekki var í fyrri frumvarpsdrögum. Að mati félagsins ættu sveitarfélög að hafa ríkara hlutverk í ákvarðanatöku við úthlutun svæða en einungis er gert ráð fyrir að það vald sé í höndum ráðherra. Sveitarfélagsmörk ná út að mörkum netlaga og gætu sum ræktunarsvæði farið inn á það svæði. Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er ekki ætlað neitt hlutverk eða umsögn um skeldýrarækt þrátt fyrir að eftirlitið hafi umsjón með mengunarvörnum, verndun vatns og strandsjávar auk þess að hafa eftirlit með fráveitum sveitarfélaga. Hinsvegar virðist vera gert ráð fyrir því að Matvælastofnun viðhafi einhverskonar mengunarvarnaeftirlit en slíkt stangast á við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og gengur beint inn á lögverndað verksvið heilbrigðisfulltrúa.

Ekki er heldur gert ráð fyrir aðkomu bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa nema til að gefa út yfirlýsingu þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt ina séu í samræmi við skipulag, sbr. 7 grein frumvarpsins. Eðlilegt væri að setja þyrfti skeldýrarækt inn í skipulag sveitarfélaga. Ef frumvarpið verður af lögum er í raun verið að svipta sveitarfélögin réttinum til að skipuleggja landsvæði sveitarfélagsins sem er innan netlaga. Ýmis skipulagsskyld starfsemi sveitarfélaga getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar s.s. mengandi starfsemi af ýmsu tagi, hafnarmannvirki og losun fráveituvatns og því mjög mikilvægt að sveitarfélögin fari með skipulag á strandsvæðum.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna bera ábyrgð á samkvæmt reglugerð 796/1999 að flokka vatn þ.m.t. strandsjó. Sveitarfélögin skulu jafnframt samkvæmt reglugerðinni vernda og kortleggja vatnasvæði m.a. þau sem skulu njóta sérstakrar verndar eða hafa sérstöðu vegna nytja af ýmsu tagi. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa telur að verði frumvarpið að lögum stangist það á við reglugerð um varnir gegn mengun vatns auk skipulagslaga.

Athugasemdir við einstaka greinar

3. gr. frv.: Í 4. tl. 3. gr. frumvarpsins er orðið “mannvirki” skilgreint sem „hvers konar byggingar eða búnaður sem notaður er við ræktun skeldýra“. Þessi skilgreining er allt önnur en eftirfarandi skilgreining í 10. tl. 3. gr. frv. til laga um mannvirki en gæta þarf samræmis við skilgreiningu slíkra grundvallarhugtaka. Hér er hin skilgreiningin:

„Mannvirki: Hvers konar jarðfastar, manngerðar framkvæmdir, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.“

5., 6. og 9. gr. frv.: Einungis er gert ráð fyrir því að umsagnaraðilar fái tveggja vikna frest til að skila umsögn. Sá frestur er of stuttur, hann skyldi að lágmarki vera fjórar vikur eða metin þörf á lengd frestins eftir umfangi máls.

10. gr. frv.: Í þessari grein segir: “Heimilt er að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna”. Hér þyrfti Matvælastofnun að framkvæma mengunarvarnaeftirlit til að staðfesta að um hættu á mengun sé að ræða og er það verkefni ekki innan valdsviðs stofnunarinnar. Um slíkt eftirlit fer skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og er líklegt að hér gæti verið farið inn á lögverndað starfsvið heilbrigðisfulltrúa.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður